

## ***Erindisbréf framkvæmda- og hafnarnefndar Sveitarfélagsins Ölfuss***

### **I. kafli Umboð og hlutverk**

#### **1. gr.**

Framkvæmda- og hafnarnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss er skipuð af bæjarstjórn Ölfuss og fer hún í umboði bæjarstjórnar með öll þau verkefni sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

#### **2. gr.**

Framkvæmda- og hafnarnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Í upphafi kjörtímabils kýs ný bæjarstjórn formann en á fyrsta fundi stjórnarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara. Auk kjörinna nefndarmanna eiga sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, hafnarstjóri og bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

#### **3. gr.**

Nefndin fer með nýframkvæmdir í sveitarfélaginu, sorphirðu og sorpförgun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og umferðarmál skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Nefndin fer einnig með málefni vatnsveitu skv. lögum nr. 32/2004 og málefni hafnarinnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Meðal verkefna nefndarinnar eru samgöngumannvirki, þjónustumiðstöð, eignasjóður, verklegar framkvæmdir, brunamál, hafnamál, málefni veitna og önnur þau verkefni sem bæjarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

#### **4. gr.**

Ákvarðarnir nefndarinnar taka formlega gildi við samhljóða staðfestingu bæjarráðs en að öðrum kosti með staðfestingu bæjarstjórnar. Ákvarðanir framkvæmda- og hafnarnefndar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

## **II. kafli**

### **Starfsmenn, fundir og starfshættir**

#### **5. gr.**

Framkvæmda- og hafnarstjórn kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs. Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs er starfsmaður framkvæmda- og hafnarnefndar. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd og undirbýr og situr fundi nefndarinnar.

#### **6. gr.**

Formaður framkvæmda- og hafnarnefndar boðar fundi nefndarinnar í samráði við sviðsstjóra. Stjórnin heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og oftar ef nauðsyn er. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í framkvæmda- og hafnarnefnd æskir þess.

#### **7. gr.**

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með rafrænu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefjast skjótrar úrlausnar nefndarinnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

#### **8. gr.**

Formaður nefndar stýrir fundi samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Framkvæmda- og hafnarnefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náðið skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna og starfsmanna framkvæmda- og hafnarnefndar vísast til 17.gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

#### **9. gr.**

Rita skal fundargerðir framkvæmda- og hafnarnefndar í sérstaka fundargerðarbók. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðirnar. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum, teikningum og skjölum, lög og reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins. Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send fundarmönnum.

### **10. gr.**

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara. Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar enda skili hann efni þess til nefndarformanns og/eða sviðsstjóra að minnsta kosti þremur sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín og eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Sveitafélagsins Ölfuss í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

## **III. kafli Markmið og verkefni**

### **11. gr.**

Verkefni nefndarinnar eru:

- Að fara með verklegar framkvæmdir á sviði umferðar- og samgöngumála.
- Að semja framkvæmdaáætlun og leggja fyrir bæjarstjórn.
- Að fjalla um tillögur að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í hafnarmálum.
- Að samþykkja viðhaldsáætlanir um endurnýjun og viðhald á sviði gatnamála, göngustíga, reiðstíga og annarra umferðarmannvirkja.
- Að vera með umsjón og ábyrgð á götulýsingu í sveitarfélaginu.
- Að framfylgja lögum um eftirlit með leiksvæðum og leiktækjum á opnum svæðum.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þeim málaflokkum er snúa að valdsviði nefndarinnar nái fram að ganga.
- Að hafa, í umboði bæjarstjórnar, eftirlit með undirbúningi verklegra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd verkanna í samráði við sviðsstjóra Umhverfis- og framkvæmdasviðs.
- Að vinna önnur þau verkefni er bæjarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

#### **IV. kafli Gildistaka**

##### **12. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Með samþykkt þessa erindisbréfs fellur úr gildi erindisbréf hafnarstjórnar Þorlákshafnar dags. 1. desember 2000.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. janúar 2020

Elliði Vignisson  
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss